

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, þriðjudaginn 28. apríl var haldinn 116. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Gufunesbæ og hófst kl. 17:00. Viðstaddir voru Bergvin Oddsson, formaður, Guðbrandur Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir, Gísli Rafn Guðmundsson og Ólafur Guðmundsson varamaður Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur. Auk þeirra sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Inga Lára Karlsdóttir áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Bryggjuhverfis og Erna Guðmundsdóttir, deildarstjóri í Miðgarði, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Menningarstefna Reykjavíkur
Kynning

Elsa Hrafnhildur Yeoman, borgarfulltrúi og formaður menningar- og ferðamálaráðs og Signý Pálsdóttir skrifstofustjóri menningarmála, sem kynnti, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs samþykkir að skipa þriggja manna starfshóp til þess að rýna í menningarmál í Grafarvogi. Starfshópurinn skipa Gísli Rafn Guðmundsson, Elísabet Gísladóttir og Trausti Harðarson. Starfshópurinn skal skila fyrstu tillögum til hverfisráðsins fyrir 14. maí 2015.

2. Kynning á Gufunesbæ

Atli Steinn Árnason framkvæmdastjóri Gufunesbæjar tók sæti á fundinum undir þessum lið og kynnti.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs þakkar kynningu á starfsemi Gufunesbæjar og þeirri metnaðarfullu starfsemi sem þar fer fram og góðu hugmyndum um framtíðaruppbyggingu aðstöðu. Hverfisráð hvetur Borgarstjórn til að styðja þá uppbyggingu á myndarlegan hátt með fjárframlögum á hverju ári næstu ár. Hverfisráð leggur áherslu á að fjölskyldureiturinn verði lokið á næstu tveimur árum og að viðunandi salernisaðstöðu verði komið upp.

3. Umsókn um styrk úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur
Frestað.

4. Máttarstólpinn 2015
Frestað.

- Kl. 19:03 Bergvin Oddsson og Ólafur Guðmundsson víkja af fundi.

5. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ítrekun á fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina frá fundi ráðsins 23. september 2014 en ekki hefur enn verið svarað hver er raunkostnaður af hverjum lið fyrir sig. Framsókn og flugvallarvini óska eftir upplýsingum um hvaða framkvæmdir hafa verið kláraðar sem íbúar Grafarvogs kusu í íbúakosningum Betri Reykjavík í mars 2014 og hver raunkostnaðurinn var af hverjum lið fyrir sig en í heild var áætlaður kostnaður 40 milljónir. Ef einhverjar framkvæmdir eru ókláraðar er óskað eftir svörum/upplýsingum um hvers vegna verki er ekki lokið og hvenær áætlanir eru um að verk sé klárað. Einnig er óskað eftir sömu upplýsingum fyrir árið 2013.

6. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Ítrekun á fyrirspurn Framsóknar og flugvallarvina frá fundi ráðsins 28.október 2014 en ekki hefur enn komið svar við fyrirspurn þessari. Óska Framsókn og flugvallarvinir að fyrirspurn þessi verði áframsend á fjármálaskrifstofu borgarinnar. Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hverjar heildartekiur borgarsjóðs hafa verið úr Grafarvogi, þ.e. útsvar frá íbúum Grafarvogs, og fasteignagiöldum íbúa og fyrirtækja í hverfinu, póstnúmeri 112 á árinu 2011, 2012 og 2013. Einnig óskar Framsókn og flugvallarvinir eftir upplýsingum/vfirliti vfir stærstu útgjaldaliði borgarsjóðs sem snúa beint að hverfinu á sömu árum“

7. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn frá Framsókn og flugvallarvinum. Á fundi hverfisráðs Grafarvogs 18.nóvember 2014 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Lagt er til að hverfisráð óski eftir því við Umhverfis- og skipulagsráð að málaðar verði gangbrautir/zebrabrautir yfir allar aðalumferðargötur eins og Langarima, Fjallkonuveg og fleiri á leið til allra leikskóla og grunnskóla í Grafarvogi hið fyrsta. Þannig að gangbrautarmerkingar verði á sem best er kosið t.d. eins og við Hólabrekkuskóla Breiðholti eða eins og í nágrennasveitarfélögum.“ Óska Framsóknar og flugvallarvinir eftir upplýsingum frá Umhverfis- og skipulagssviði hvenær þeir ætla að verða við ósk hverfisráðsins.

8. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fyrirspurn frá Framsókn og flugvallarvinum. Á fundi hverfisráðs Grafarvogs 18.nóvember 2014 var eftirfarandi tillaga samþykkt: „Hverfisráð Grafarvogs beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að gert verði átak í að hreinsa veggjakrot í hverfinu og í kjölfarið viðhaldi hreinsun veggja. Ráðið leggur til að notaðar séu nýjar tækni- og gróðurlausnir, svo sem klifurjurtir sem fyrirbyggjandi. Sem dæmi um slæman stað er veggur við Fjallkonuveg og Gullinbrú þar sem klifurjurtir henta vel.“ Innan hverfisráðsins var það meðal annars mikið veggjakrot beggja megin á hljóðmúr sem skýlir Vesturfold og Fannafold frá aðalvegi nefndum Gullinbrú frá Fjallkonuvegi að Hallsvegi sem var til þess að tillaga þessi var lögð fram. Óska Framsóknar og flugvallarvinir eftir upplýsingum frá Umhverfis og skipulagssviði hvenær þeir ætla að verða við ósk hverfisráðsins.

9. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga frá Framsókn og flugvallarvinum þ.e. ítrekun á tillögu sem borin var fram á fundi hverfisráðs Grafarvogs 9.desember 2014 en regla/venja í borgarkerfinu er að tillögur séu að jafnaði teknar fyrir á næsta fundi allra ráða eftir að þær hafa verið bornar fram. Óska Framsókn og flugvallarvinir að tillagan verði tekin fyrir sem fyrst hjá ráðinu. „Hverfisráð Grafarvogs skorar á borgaryfirvöld að breyta póstnúmeri Bryggjuhverfis úr póstnúmeri Árbæjar, þ.e. 110, í póstnúmer Grafarvogs, þ.e. 112. Bryggjuhverfið er hluti af Grafarvogi og á því að bera sama póstnúmer. Þegar í dag hefur þessi póstnúmer ruglingur áhrif á daglega upplifun hverfisbúa, t.d. fá þeir ekki sendar pizzur af stöðum sem senda eingöngu í hverfi 112 og svo fá þau jafnvel til skiptis Árbæjarblaðið eða Grafarvogsblaðið.“

10. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga frá Framsókn og flugvallarvinum þ.e. ítrekun á tillögu sem borin var fram á fundi hverfisráðs Grafarvogs 27.janúar 2015 en regla/venja í borgarkerfinu er að tillögur séu að jafnaði teknar fyrir á næsta fundi eftir að þær hafa verið bornar fram. Óska Framsókn og flugvallarvinir að tillagan verði tekin fyrir sem fyrst hjá

ráðinu. „Hverfisráð Grafarvogs skorar á Reginn, eiganda Egilshallar, og borgaryfirvöld að skoða betri útfærslu á bílastæðalausnum við Egilshöllina. T.d. með því að gera öll 20 bílastæðin við aðalinngang hallarinnar að skammtímastæðum, þ.e. max 15 mínútur þannig að þau séu eingöngu nýtt til að leggja bíl meðan hlaupið er inn með barn á æfingu eða til að sækja barn á æfingu. Einnig væri vert að skoða hvort hægt sé að fjölga bílastæðum við bakinngang, þ.e. við úti-grasvelli og svo með langhliðinni frá þeim útivöllum og upp að aðalbílastæðum.“

Fundi slitið kl. 19:07

Guðbrandur Guðmundsson
Gísli Rafn Guðmundsson

Elísabet Gísladóttir